

# Lög

**um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög,  
með síðari breytingum (hlutafé í erlendum gjaldmiðli).**

---

## 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

- a. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Þessari fjárhæð getur ráðherra breytt í samræmi við breytingar á gengi evru.
- b. Við bætast þjár nýjar málsgreinar, 3.–5. mgr., sem orðast svo:

Einkahlutafélög mega ákveða hlutafé sitt í erlendum gjaldmiðli enda hafi þau fengið heimild ársreikningaskrár til færslu bókhalds og samningar ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Félögin skulu halda nýja gjaldmiðlinum óbreyttum í a.m.k. fimm ár nema ráðherra veiti undanþágu frá þeim tímamörkum.

Auk íslensku krónunnar má ákveða hlutafé í eftirtöldum erlendum gjaldmiðlum: evru, bresku pundi, dönskum, norskum og sænskum krónum, Bandaríkjadal, japönskum jenum og svissneskum frönkum. Í ákvörðun hluthafafundar skal greina frá nafnverði í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðli. Við umreikning í annan gjaldmiðil skal nafnverð hlutafjár vera í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga varðandi umreikninginn.

Ráðherra getur sett reglur um að miða megi við aðra gjaldmiðla, svo og kveðið nánar á um skilyrði fyrir því að hlutafé sé ákveðið í öðrum gjaldmiðli en íslensku krónunni og hvenær sú breyting megi fara fram.

## 2. gr.

Við 2. tölul. 127. gr. laganna bætist nýr málslaður sem orðast svo: Sama gildir um brot á reglum um hlutafé í erlendum gjaldmiðli skv. 3. mgr. 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2002.

---

*Samþykkt á Alþingi 22. apríl 2002.*